

Eldraun sáluhjálpar – Hið Allrahelgasta Altarissakramenti

Orð Jesú Krists við Síðustu kvöldmáltíðina: „Ef þér etið ekki hold Mannssonarins og drekkið blóð Hans, hafið þér ekki lífið í yður.“ (Jh 6:53)

Forsendan fyrir sáluhjálpar er því að treysta orðum Jesú og bera því vitni í athöfn.

Þeir fylgjendur Jesú, sem af trúfestu halda boðorð Hans í orði og verki, véfengja ekki orð Hans og, þykja ræða Hans heldur ekki of þung líkt og sumir lærisveina Hans og aðrir gyðingar, sem gengu burt og voru ekki lengur með Honum, þegar Jesús á götum úti bauð þeim að eta hold sitt og drekka blóð sitt í formi brauðs og víns. Hneykslaðir af boðskapi þessum snerust hinir vantrúuðu á hæl og yfirgáfu Hann og er það til marks um það að þeir skildu réttilega að Jesús meinti það sem Hann sagði, því Hann kallaði hvorki hina vantrúuðu gyðinga né lærisveina sína tilbaka til að útskýra mál sitt frekar, er þeir töldu Hann boða mannát, heldur snéri Hann sér að postulunum sínum og spurði hvort þeir hefðu einnig í hyggju að yfirgefa Hann af sömu sökum þ.e. fyrir vantrú á hið yfirskilvitlega kraftaverk - gjörbreytinguna á brauði og víni í hold Hans og blóð, sem fylgjendum Hans var gert skylt að eta og drekka við Síðustu kvöldmáltíðina. En þótt mannleg rökhbyggja postulanna næði ekki tókum á þessum yfirskilvitlega boðskap, að eta hold Hans og blóð í formi brauðs og víns, þá báru þeir, fyrir trú og traust á orð Jesú, kennsl á þá staðreynd að fyrir Guði er ekkert ómögulegt.

Pétur, fyrirlíði postulanna, varð fyrir svörum er boðskapur Jesú um að eta hold hans og blóð var boðaður á götum úti og mælti fyrir munn allra postulanna: „Herra til hvers ættum vér að fara? Þú hefur orð eilífs lífs, og vér trúum og vitum, að þú ert hinn heilagi Guðs.“ (Jh 6:68 ff) Ummælin um „orð eilífs lífs“ vísa ekki bara til boðskapar Jesú um frelsun og eilíft líf almennt, heldur felur yfirlýsing Péturs einnig í sér bjargfasta trú á orð Jesú, þann kraft, sem felst í orðum Hans og gerbreytt getur eðli hluta, þar á meðal eðli brauðsins og vínsins í hold Hans og blóð eins og sannaðist við Síðustu kvöldmáltíðina er Jesús, í raun, gerbreytti brauði og víni í hold sitt og blóð með eftirfarandi orðum, „Þetta er hold mitt... þetta er blóð mitt“ og bauð postulum sínum að eta og drekka. Þetta sama vald gerbreytingar, að gera öldungis hið sama og það sem Hann sjálfur hafði gert, veitti Jesús postulum sínum og arftökum þeirra, þegar Hann mælti „Gjörð þetta í mína minningu.“

Þetta sama vald, sem postularnir og arftakar þeirra njóta fyrir tilstilli Heilags anda við gerbreytinguna í heilagri messu, var þeim tilskilið að boða og framfylgja öllum mönnum til hjálpraðis, samkvæmt fyrirmælum Jesú, því án hins Allrahelgasta altarissakramenti, án hins gerbreytta brauðs og víns í hold Hans og blóð, „hafið þér ekki líf í yður.“ („Ef þér

etið ekki hold Mannssonarins og drekkið blóð Hans, hafið þér ekki lífið í yður.“ (Jh 6:53-54)

Þessi sama trúarhefð, sem felur í sér staðfasta trú á gerbreytingu brauðs og víns í hold og blóð Jesú Krists, var og er enn þann dag í dag frumvottur Kaþólskra um óbilandi trú á orð Jesú Krists og bera kaþólskir þess verðugt vitni er þeir sækja reglulega Messu að þeir halda boðorð Hans í raun, hversu andstæð sem þau kunna að vera mannlegum skilningi. Fullir trúnaðartrausts á öll boðorð Jesú geta kaþólskir því heils hugar tekið undir með Jóhannesi postula að: „Á því vitum við, að vér þekkjum Hann, ef vér höldum boðorð Hans.“ (1Jh 2:3; Jh 6:60) (Nánar verður fjallað um hið Allrahelgasta sakramenti í grein 3)

Bæn eftir altarisgöngu

Sál Krists, helgi mig.

Líkami Krists, frelsi mig.

Blóð Krists, örfi mig.

Vatnið úr síðu Krists, styrki mig.

Góði Jesú bænheyr þú mig.

Benjar þínar, þær hylji mig.

Lát mig eigi verða viðskila við þig.

Vernda mig gegn hinum illa anda.

Kalla mig til þín er ég skil við.

Lát mig koma til þín

Svo ég geti ásamt öllum heilögum

Lofað þig um aldir alda. Amen

Dr. Gígja Gísladóttir: Trúvörn